# Fallbeyging

- Nafnorð skiptast í *veik nafnorð* og *sterk nafnorð* og fer það eftir endingu orða í hvorn flokkinn þau skiptast.
- Fallbeyging nafnorða er ólík eftir því hvort nafnorðið teljist veikt eða sterkt.
- Hér að neðan má sjá hvernig fallbeyging sterkra og veikra nafnorða:

## Regluleg beyging - veik nafnorð - eintala

- Veik nafnorð enda á:
  - **i** í karlkyni -> jakk**i**
  - **a** í kvenkyni -> stelp**a** (ath. a-víxl ef a er í stofni orðsins -> kaka/köku)
  - **a** í hvorugkyni -> aug**a** (*hvorugkynsorð sem enda á a eru sjaldgæf, eru flest yfir líkamshluta eyra, lunga, nýra)

| karlkyn | kvenkyn | kvenkyn | hvorugkyn |
|---|---|---|---|
| nf. jakk**i** | nf. stelp**a** | nf. k**a**k**a** | nf. aug**a*** |
| þf. jakk**a** | þf. stelp**u** | þf. k**ö**k**u** | þf. aug**a** |
| þgf. jakk**a** | þgf. stelp**u** | þgf. k**ö**k**u** | þgf. aug**a** |
| ef. jakk**a** | ef. stelp**u** | ef. k**ö**k**u** | ef. aug**a** |

## Fallbeyging - sterk nafnorð - **karlkyn** (kk) - eintala

- Endingar sterkra karlkynsorða í eintölu:
  - **ur** -> strák**ur**
  - **ll** -> bí**ll**
  - **nn** -> stei**nn**
  - **ir**/-**ir** -> bær

| | | | |
|---|---|---|---|
| nf. strák**ur** | nf. bí**ll** | nf. stei**nn** | nf. bæ**r** |
| þf. strák | þf. bíl | þf. stein | þf. bæ |
| þgf. strák(i) | þgf. bíl | þgf. stein**i** | þgf. bæ |
| ef. strák**s** | ef. bíl**s** | ef. stein**s** | ef. bæ**jar** |

# Fallbeyging - sterk nafnorð - **kvenkyn** (kvk) - <u>eintala</u>

- Endingar sterkra kvenkyns nafnorða í eintölu:
  - endingalaus -> ekki ending -> mynd/bók
  - **ng** -> æfi**ng**
  - **un** -> skoð**un**

| | | | |
|---|---|---|---|
| nf. mynd | nf. æfing | nf. bók | nf. skoðun |
| þf. mynd | þf. æfing**u** | þf. bók | þf. skoðun |
| þgf. mynd | þgf. æfing**u** | þgf. bók | þgf. skoðun |
| ef. mynd**ar** | ef. æfing**ar** | ef. bók**ar** | ef. skoðun**ar** |

# Fallbeyging - sterk nafnorð - **hvorugkyn** (hk) - <u>eintala</u>

- Sterk hvorugkyns nafnorð í eintölu eru yfirleitt endingalaus -> brauð/barn
- EN enda stundum á **i** -> epl**i**

| | | |
|---|---|---|
| nf. brauð | nf. barn | nf. epli |
| þf. brauð | þf. barn | þf. epli |
| þgf. brauð**i** | þgf. barn**i** | þgf. epli |
| ef. brauð**s** | ef. barn**s** | ef. epli**s** |

- Öll orð sem hægt er að telja eru í eintölu og fleirtölu
  - Einn banani, tveir bananar, margir bananar
  - Ein bók, tvær bækur, margar bækur
  - Eitt blað, tvö blöð, mörg blöð
- Nafnorð sem ekki er hægt að telja eru bara í eintölu
  - Dæmi: kaffi, ást, mjólk, kakó, hveiti
  - Ath. stundum er hægt að hugsa þetta í mælieiningum og þá er hægt að nota þessi orð í fleirtölu.
    - Dæmi: tveir bollar af kaffi, 3 lítrar af mjólk, 4 matskeiðar kakó, 5 desilítrar hveiti.
- Sum nafnorð eru bara til í fleirtölu
  - Skæri, buxur

# Fallbeyging - **karlkyn** (kk) - <u>fleirtala</u>

- Langflest karlkynsorð enda á **-ar** í fleirtölu og fallbeygjast svo eins.
- Nema orð eins og eintöluorðið bær sem fær fleirtölu endinguna **-ir** -> bæ**ir**
  - Orðið *vinur* fær einnig endinguna **-ir** og fallbeygist eins og bæir.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| nf. jakk**ar** | nf. strák**ar** | nf. bíl**ar** | nf. stein**ar** | nf. bæ**ir** |
| þf. jakk**a** | þf. strák**a** | þf. bíl**a** | þf. stein**a** | þf. bæ**i** |
| þgf. jökk**um** | þgf. strákum | þgf. bíl**um** | þgf. stein**um** | þgf. bæj**um** |
| ef. jakk**a** | ef. strák**a** | ef. bíl**a** | ef. stein**a** | ef. bæj**a** |

# Fallbeyging - **kvenkyn** (kvk) - <u>fleirtala</u>

- Sterk kvenkyns nafnorð fá ýmist **-ar** eða **-ir** endingu
- Veik kvenkyns nafnorð fá **-ur** endingu

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| nf. stelp**ur** | nf. mynd**ir** | nf. æfing**ar** | nf. bæk**ur** | nf. skoð**anir** |
| þf. stelp**ur** | þf. mynd**ir** | þf. æfing**ar** | þf. bæk**ur** | þf. skoð**anir** |
| þgf. stelp**um** | þgf. mynd**um** | þgf. æfing**um** | þgf. bók**um** | þgf. skoð**unum** |
| ef. stelp**na** | ef. mynd**a** | ef. æfing**a** | ef. bók**a** | ef. skoð**ana** |

# Fallbeyging - **kvenkyn** (kvk) - <u>fleirtala</u>

- Flest sterk hvorugkynsorð eru eins í eintölu og fleirtölu
  - Eitt brauð -> tvö brauð
  - Eitt epli -> tvö epli
- Ef sterk hvorugkynsorð eru með a í stofni orðsins á sér stað a-víxl og orðið breytist í ö. Dæmi: barn -> börn
- Veik hvorugkynsorð sem enda á **a** í eintölu fá **u** endingu í fleirtölu. Dæmi: eyr**a** -> eyr**u**

| | | | |
|---|---|---|---|
| nf. brauð | nf. börn | nf. epl**i** | nf. aug**u** |
| þf. brauð | þf. börn | þf. epl**i** | þf. aug**u** |
| þgf. brauð**um** | þgf. börn**um** | þgf. epl**um** | þgf. aug**um** |
| ef. brauð**a** | ef. barn**a** | ef. epl**a** | ef. aug**na** |

## Verkefni - sterk og veik nafnorð

Flokkaðu eftirfarandi orð eftir því hvort þau eru **veik** eða **sterk**.

*auga, blóm, blýantur, bolti, brauð, fíll, hundur, mappa, rammi,
skólastofa, stelpa, stóll, skólataska, teinn.*

| Veik nafnorð | Sterk nafnorð |
|---|---|
| | |
| | |
| | |
| | |
| | |
| | |
| | |
| | |
| | |
| | |
| | |
| | |
| | |
| | |

## **Verkefni - fallbeyging**

Fallbeygðu eftirfarandi orð. Þú getur notað hjálpargögn eins og Málið.is og Beygingarlýsing íslensks nútímamáls.

| **Hundur** | **Hurð** | **Appelsína** |
|---|---|---|
| **nf.** | **nf.** | **nf.** |
| **þf.** | **þf.** | **þf.** |
| **þgf.** | **þgf.** | **þgf.** |
| **ef.** | **ef.** | **ef.** |
| | | |
| **Bekkur** | **Skápar** | **Epli** |
| **nf.** | **nf.** | **nf.** |
| **þf.** | **þf.** | **þf.** |
| **þgf.** | **þgf.** | **þgf.** |
| **ef.** | **ef.** | **ef.** |
| | | |
| **Spegill** | **Greiða** | **Nemandi** |
| **nf.** | **nf.** | **nf.** |
| **þf.** | **þf.** | **þf.** |
| **þgf.** | **þgf.** | **þgf.** |
| **ef.** | **ef.** | **ef.** |
| | | |
| **Göng** | **Myndarammi** | **Dýna** |
| **nf.** | **nf.** | **nf.** |
| **þf.** | **þf.** | **þf.** |
| **þgf.** | **þgf.** | **þgf.** |
| **ef.** | **ef.** | **ef.** |

# Verkefni - fallbeyging

Þegar fleiri en eitt fallorð standa saman er mikilvægt að fallbeygja öll nafnorðin (ekki bara nafnorðið).

Dæmi:

**nf.** lítill hani
**þf.** lítinn hana
**þgf.** litlum hana
**ef.** litils hana

**nf.** þrír röndóttir boltar
**þf.** þrjá röndótta bolta
**þgf.** þremur röndóttum boltum
**ef.** þriggja röndóttra bolta

**nf.** mamma mín
**þf.** mömmu mína
**þgf.** mömmu minni
**ef.** mömmu minnar

Fallbeygðu eftirfarandi orð saman. Þú getur notað hjálpargögn eins og Málið.is og Beygingarlýsing íslensks nútímamáls.

**Tveir ungir menn**

**nf.**
**þf.**
**þgf.**
**ef.**

**Gul peysa**

**nf.**
**þf.**
**þgf.**
**nf.**

**Svarti kötturinn þinn**

**nf.**
**þf.**
**þgf.**
**ef.**